

Nd.

385. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsta málsgr. 19. gr. laganna orðist þannig:

Á fundum í félagi, sem er óskipt heild, hafa allir félagsmenn atkvæðisrétt. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt. Hve marga fulltrúa hver félagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu félagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir félagsins nánar ákveða. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.

2. gr.

Fyrri málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félaga við samband, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum félaganna við sambandið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.